



Reglur um þjónustu styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Á grundvelli samnings sinnir Félagsþjónusta Suðurnesjabæjar þjónustu við íbúa Sv. Voga samkvæmt reglum þessum.

Almenn atriði

1. gr.

Reglur þessar taka til styrkja sem veittir eru á grundvelli 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Heimilt er að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra

2. gr.

Markmið

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- sótt sér menntun
- viðhaldið og aukið þekkingu og færni
- nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

3. gr.

Forsendur

Styrkurinn er ætlaður fötluðu fólki sem þarfnast sérstaks stuðnings af þeirri ástæðu, til hæfingar, endurhæfingar, starfsendurhæfingar, og uppfylla eftirtalinna skilyrða:

- Lögheimili í Suðurnesjabæ
- Hafa náð 18 ára aldri
- Einstaklingur er með fötlun
- Einstaklingur þarf sérstakan stuðning til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar

4. gr.

Orðskýringar

Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að



SUÐURNESJABÆR

úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

5. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk

Skilyrði fyrir því að umsókn sé tekin til meðferðar eða afgreiðslu:

- Styrkur vegna starfsemi sem skapar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup)
- Fyrir liggja staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út
- Styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku
- Styrkur sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis
- Umsækjandi hefur ekki möguleika á styrkjum frá öðrum stofnunum eða sjóðum

6. gr.

Mat á umsókn um styrk

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar skv. 4. gr. fer fram mat á umsókn. Sótt er um styrk til náms og verkfæra og tækjakaups fatlaðs fólks á þar til gerðu eyðublaði. Þegar umsókn og fylgigögn hafa verið móttækin af félagsþjónustu eru þau lögð fyrir afgreiðslufund. Afgreiðsla umsókna fer fram á afgreiðslufundum félagsþjónustu. Niðurstaða skal berast umsækjanda innan 6 vikna frá því að umsókn barst.

7. gr.

Gagnaöflun.

Með umsókn um styrk til náms og verkfæra og tækjakaups fatlaðs fólks þarf að liggja fyrir staðfesting á fötlun einstaklings ásamt meðfylgjandi gögnum til að umsókn fari til afgreiðslu:

Styrkur vegna náms:

1. Námsvottorð, staðfesting frá skóla um skráningu í nám
2. Kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

1. Kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum
2. Skattframtal og staðgreiðslufirlit skatta

Umsókn er ekki tekin til afgreiðslu nema öll nauðsynleg gögn liggja fyrir.



8. gr. Auglýsingar

Suðurnesjabær auglýsir eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári. Auglýst er eftir umsóknum eigi síðar en 1. september ár hvert og þarf umsókn og fylgigögn að berast fyrir 1. október ár hvert. Auglýsing birtist á heimasíðu sveitarfélagsins.

9. gr. Úthlutun styrkja

Suðurnesjabær úthlutar styrkjum einu sinni á ári og heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs. Umsóknir eru forgangsraðaðar við úthlutun styrkja sbr. fjölda og eðli umsókna með hliðsjón af fjárhagsáætlun hvers árs.

Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jafna ekki veittur sama einstaklingi oftar en á tveggja ára fresti.

10. gr. Leiðbeiningarskylda og tengd atriði

Umsækjendum stendur til boða aðstoð við gerð umsókna. Synjun, frávísun eða verulega skert úthlutun frá því sem vænta mátti skal rökstudd sérstaklega í afgreiðslubréfi, auk þess sem umsækjanda eru veittar leiðbeiningar um málskot (endurupptaka máls á fjölskyldu- og velferðarráð ef við á eða kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála).

Við meðferð umsókna skulu starfsmenn sveitarfélags veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir félagsþjónustu sveitarfélaga skal starfsmaður framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsa umsækjanda um það.

Í svarbréfi til umsækjanda ætti að koma fram í hvaða reit á skattframtali eigi að færa styrkfjárhæðina.

11. gr. Endurkröfur

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru alla jafna endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en umsókn gerði ráð fyrir. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast meðferð umsókna og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

12. gr. Útborgun

Styrkur er einungis greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum.



SUÐURNESJABÆR

13. Gildistaka.

Reglur þessar voru samþykktar af fjölskyldu- og velferðarráði á fundi 11.6.2020 og í Bæjarráði 8. júlí 2020.